

Halldór Árnason
Aðstoðarþjálfi mfl. karla hjá Breiðablik

Efni: Áfrýjunarbeiðni Halldórs Árnasonar.

Vísað er til beiðni um áfrýjunarleyfi frá Halldóri Árnasyni dags. 17. ágúst 2023 vegna úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 15. ágúst 2023. Samkvæmt e) lið greinar 16.2 skal skriflegri beiðni um að áfrýjunardómstóll KSÍ heimili áfrýjun í undantekningartilvikum beint til formanns dómstólsins og barst beiðnin réttilega og innan tímamarka á skrifstofu KSÍ þar sem dómstóllinn hefur aðsetur. Feldís Lilja Óskarsdóttir er formaður áfrýjunardómstóls KSÍ.

Beiðni Halldórs Árnasonar, aðstoðarþjálfara Breiðabliks í mfl. karla, lýtur nánar að því að áfrýjunardómstóll KSÍ heimili áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 15. ágúst 2023 þar sem hann var úrskurðaður í eins leiks bann vegna brottvísunar eftir leik KA og Breiðabliks í Bestu deild karla þann 13. ágúst 2023.

Heimild til að áfrýja úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í agamálum til áfrýjunardómstóls KSÍ er að finna í grein 16.2 í reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðamál. Almennu verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í nánar tilgreindum undantekningartilvikum, sem skýra verður þröngt. Úrskurðum um tveggja leikja bann eða vægari refsingu vegna agabrota verður ekki skotið til dómstólsins, sbr. 16.2 a) liður. Það þarf þriggja leika bann til eða þyngri refsingu til að áfrýjun verði talin heimil. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ úrskurðaði aðstoðarþjálfara Breiðabliks í eins leiks bann og þegar af þeirri ástæðu verður þeim úrskurði ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ með vísan til greinar 16.2 a).

Í grein 16.2 e) er fjallað um heimild áfrýjunardómstóls KSÍ til að heimila áfrýjun annarra úrskurða í agamálum í undantekningartilvikum ef dómstóllinn telur sérstakar ástæður fyrir hendi. Undantekningarnar frá meginreglunni um að úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í agamálum verði ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ er að finna í grein 16.2 a)–d). Heimild áfrýjunardómstóls KSÍ nær til annarra úrskurða en þeirra sem þar er sérstaklega fjallað um. Mál aðstoðarþjálfara Breiðabliks er um eins leiks sjálfkrafa leikbann og því verða að vera sérstakar ástæður fyrir hendi, svo og skýr lagagrundvöllur, til að heimila áfrýjun úrskurðarins.

Í áfrýjunarbeiðni Halldórs Árnasonar er það tiltekið að af orðalagi Knattspyrnulaganna sé ljóst að dómáttarar í leik KA og Breiðabliks hafi ekki haft heimild til þess að gefa Halldóri Árnasyni rautt spjald eftir að dómáttarar höfðu yfirgefið völinn eftir að leik lauk vegna ætlaðs atviks utan við klefa. Hafi dómáttarar þess í stað getað sent framkvæmdastjóra KSÍ tilkynningu um og framkvæmdastjóri KSÍ þá eftir atvikum vísað máli til aga- og úrskurðarnefndar.

Ákvörðunarvald dómara til að meta hvort ástæða sé til að áminna leikmann og/eða veita honum brottvísun verður rakið til 5. greinar knattspyrnulaganna. Þar kveður skýrlega á um að dómariinn geri sitt besta til þess að taka ákvarðanir í samræmi við knattspyrnulögin og anda leiksins og þær munu byggjast á mati dómarans á aðstæðum og því svigrúmi sem rammi laganna veitir honum. Um völd og skyldur dómara er varðar agarefsingar er fjallað um í 3. mgr. 5. greinar knattspyrnulaganna þar sem segir m.a.;

Dómarinn hefur heimild til þess að grípa til agarefsinga frá þeirri stundu sem hann hefur vallarskoðun við komu sína á leikstað og þar til hann hefur yfirgefið völlinn að leik loknum (þ.m.t. eftir vítaspyrnukeppni). Ef leikmaður gerist sekur um brottrekstrarverða hegðun áður en hann fer inn á völlinn við upphaf leiks þá hefur dómariinn vald til þess að meina honum þátttöku í leiknum (sjá 3. grein). Dómarinn tilkynnir jafnframt um alla aðra óviðeigandi hegðun.

Með vísan til framangreinds er það mat dómsformanns að óljóst sé hvort það hafi verið innan svigrúms knattspyrnulaganna að gefa Halldóri Árnasyni aðstoðarþjálfara Breiðabliks brottvísun eftir leik liðsins við KA á Akureyri með þeim hætti sem lýst er í skýrslu dómara frá 13. ágúst 2023.

Áfrýjunarbeiðni Halldórs Árnasonar á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 15. ágúst 2023 er því samþykkt á grundvelli sérstakra ástæðna. Er frestur til að áfrýja tilvitnuðum úrskurði um leikbann Halldórs Árnasonar til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að bréf þetta er gefið út.

Reykjavík, 24. ágúst 2023

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]